


LEIÐBEININGAR UM UPPSETNINGU OG FRÁGANG Á PRÜM INNIHURÐUM

Það er ótrúlega auðvelt að koma Prüm hurðunum fyrir. Það þarf hvorki að skrúfa karminn í vegginn né negla. Þó ber að minna á að til að tryggja bestan frágang gæti verið rétt að leita til fagmanna.


VERKFÆRI OG ÁHÖLD VIÐ UPPSETNINGU PRÜM INNIHURÐA

- Málband
- Hallamál
- Hvítt trélím
- Tréfleygar
- Stífur (amk. þrjár)
- Stjörnuskrúfjárn
- Sexkantlykill (4mm)
- Hamar
- Festifraud



1. Veggjál og opnun

Berið merkingar á umbúðunum saman við veggjál og opnun, þ.e. vinstri eða hægri.



2. Karmur settur saman

Berið trélím á samsetningarflötina og sláð spennurnar í raufirnar. Athugið að æskilegt er að saga 15mm neðan af kórmum og gereftum þar sem verður fellipröskuldur eða enginn pröskuldur.



3. Karmur settur í dyrnar

Stillið karminn af í dyrnum og notið fleyga til að skorða hann (2 fleyga að ofan og 3 á hvora hlið). Setjið stífur á móti hliðarfleygunum.




4. Karmurinn festur

Sprautið festifraudi milli karms og veggjar á mót við stífur. Fylgið í öllu leiðbeiningum á fraudbrúsum.



5. Hurðarfaldur festur í karminn

Þegar fraudið er þornað er gereftinu einfaldlega rennt í raufina.



6. Lamir settar í karminn

Setjið lamirnar í lamastykkið á innanverðum karminum og látið þær standa um 2 mm út úr karminum. Fes-tið þær með sexkanti í gegnum götin á hlið karmsins.



7. Að lokum

Festið hurðina á karminn og fjarlægjið stífurnar.

LEIÐBEININGAR UM UPPSETNINGU Á EI-CS30 (B30) HURÐUM FRÁ PRÜM

1. Losið úr lamir sem fyrir eru í hliðarstykki og setjið meðfylgjandi EI-CS30 lamir og skrúfur (5 stk.pr/löm).
2. Skrúfið slúttjárn úr hliðarstykki og skrúfið meðfylgjandi slúttjárn í hliðarstykkið með sömu skrúfum.
3. Berið trélím á alla samsetningarflöti karmsins. Setjið topp- og hliðarstykki karms saman með þar tilgerðum smellum og hjámiðjuklemmum; nánari skýringar fylgja með karmi.
4. Setjið karminn í hurðargatið og stillið af með tréfleygum, notið pröskuld sem mát til þess að halda réttu bili að neðan, stillið lóðrétt og lárétt. Nauðsynlegt er að stilla karminn vel af í lóð til þess að hurðin leggist vel í þéttlistana og góð reykþétting náist.
5. Leggið meðfylgjandi mátbörða við lamagat karmsins og borið með 20 mm bor í gegnum gereftið. Festið nú lömina í vegginn með 10 x 110 mm járnhulsboltum 2 stk. í hvora löm (ekki má nota skrúfur með plastappa), lokið gatinu með tappa.

6. Karminn skal skrúfa í hurðargatið með minnst 4 stk. járnhulsboltum (sama stærð) í hvort hliðarstykki.
7. Harðpakka skal með steinull milli veggjar og karms.
8. Berið trélím á samsetningarflöti gerefta og setjið saman með hjámiðjuklemmum.
9. Rennið síðan gereftinu í raufina.
10. Skrúfið lamirnar á hurðina með 4,0 x 50 mm skrúfum og hengið hana á karminn; kannið vel hvernig hurðin leggst í þéttlistana og stillið af.
11. Pröskuld skal svo líma niður með þiljugripi.
12. Límið meðfylgjandi EI-CS30 viðurkenningarmarki í hurðafals.

